



Alþingi
Erindi nr. D 127/1517
komudagur 26.3.2002

25. mars 2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Í bréfi dagsettu 18. mars sl. er óskað eftir umsögn Ríkisbókhalds um frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins, 581. mál. Í lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins er m.a. kveðið á um verkefni Ríkisbókhalds. Eftir að fjárreiðulögin tóku gildi á árinu 1997 hafa verkefni og hlutverk stofnunarinnar tekið nokkrum breytingum. Hinn 1. maí 1998 var launaafgreiðsla ríkisins flutt frá fjármálaráðuneytinu til Ríkisbókhalds og frá 1. mars sl. var stofnuninni falin verkefni þau sem ríkisfjárhirslan hefur haft með höndum. Þessar breytingar gera í sjálfu sér ekki kröfu til lagabreytingar. Hins vegar er það þekkt áhersla í stjórnskipulagi fyrirtækja og stofnana að ávallt beri að hafa skýra aðgreiningu á milli bókhalds og greiðslna.

Lagabreytingin kveður á um að Fjársýsla ríkisins annist féhirslu ríkisins og greiðsluþjónustu fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir sem þess óska, svo og móttöku innheimtufjár frá innheimtustofnunum ríkisins. Í ljósi þessa þykir rétt að breyta nafni stofnunarinnar úr Ríkisbókhaldi í annað sem hefur víðtækari skírskotun til þeirra verkefna sem þar er sinnt og forstöðumaður stofnunarinnar verður fjársýslustjóri í stað ríkisbókari.

Ríkisbókhald telur flutning á verkefnum ríkisfjárhirslunnar til stofnunarinnar hafa jákvæð áhrif á starfsemina og að með því megi ná fram verulega auknu hagræði þegar fram í sækir. Kemur það meðal annars fram í markvissara flæði fylgiskjala og einfaldara greiðslufyrirkomulagi sem mun að lokum skila sér í auðveldara og tímanlegra uppgjöri bókhalds. Þetta á ekki hvað síst við þegar nýtt fjárhags- og mannauðskerfi ríkissjóðs, ráðuneyta og ríkisstofnana verður tekið í notkun á næsta ári.

Gunnar H. Hall

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,

Dagsetning
3. apríl 2002


Tilvísun
A-8
LÖ/bb

150 Reykjavík

Vísað er til erindis nefndarinnar, dags. 18. mars s.l., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins, 581. mál, Fjársláttur.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins og fleiri lögum í tengslum við áform um að fela ríkisbókhaldi þau verkefni sem ríkisfjárhirslan hefur haft með höndum. Í samræmi við það er lagt til að heiti stofnunarinnar verði breytt í Fjársláttur ríkisins. Í raun felur frumvarpið því ekki í sér neinar efnisbreytingar á gildandi löggjöf heldur er í frumvarpinu lagt til að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á henni vegna ofangreindrar nafnbreytingar.

Með vísan til þess sem að ofan segir gerir Ríkisendurskoðun engar athugasemdir við frumvarpið sem slíkt. Hins vegar þykir rétt að taka fram að við að fela ríkisbókhaldinu verkefni ríkisfjárhirslunnar verður að hafa í huga mikilvægi þess að haga skipulagi þannig að hér eftir sem hingað til verði í raun fullkominn aðskilnaður á milli starfsviðs ríkisfjárhirslunnar og ríkisbókhaldsins.





RÍKISFÉHIRDIR

Alþingi

Erindi nr. P 127/1593

komudagur 3.4.2002

ALÞINGI

Efnahags- og viðskiptadeild

Reykjavík, 2.apríl 2002

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins nr.88/1997

(Lagt fyrir Alþingi á 127.löggjafarþingi 2001-2002)

Tillaga um breytingar

Í athugasemdum við frumvarpið á bls.3 þar sem stendur : " með mál, sem varða ríkisfjárhirslu " , " ákveðið breytta tilhögun ríkisfjárhirslu " , " kveðið á um verkefni ríkisfjárhirslu " standi ríkisfjárhirslu í stað ríkisfjárhirslu . 1)

Í 4.mgr. standi : Fjársýsla ríkisins fer með málefni ríkisfjárhirslu. Ríkisfjárhirsla er svið innan Fjársýslu ríkisins og skal annast greiðsluþjónustu fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir, sem þess óska, svo og móttöku innheimtufjár frá innheimtumönnum ásamt innheimtu á skuldabréfum og kröfum. 2)


Magni Steinsson

- 1) Ríkisfjárhirsla og ríkisfjárhirsla eru bæði góð og gild orð, en þarna þarf að hafa samræmi og nota ríkisfjárhirslu vegna málvenju.
- 2) Í samræmi við umburðarbréf fjármálaráðuneytis nr.1/2002 og hlutverk ríkisfjárhirslu eins og það er skilgreint af ríkisendurskoðun í ársreikningi ríkisfjárhirslu fyrir árið 2001.